



Fréttabréf ASPAR

3 tbl Maí 2005

ÖSP 25 ára 18. maí 2005

Íþróttfélagið Ösp var stofnað 18. Maí, 1980 af foreldra- og kennarafélagi Öskjuhlíðarskóla, með stuðningi frá Íþróttasambandi Fatlaðra. Stofnfundurinn fór fram á Þingvöllum, þar sem mættu foreldrar og nemendur til veislu í Valhöll.

Markmið Íþróttafélagsins Aspar er að standa fyrir íþróttæfingum hjá félögunum, með sem fjölbreyttustum hætti, þeim til heilsubótar og ánægju og þátttöku í íþróttamótum, þar sem hæfni hvers og eins nýtur sín sem best.

Fjöldi þátttakenda á æfingum er um 140 manns og æfðar eru átta íþróttagreinar, þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Íþróttfélagið Ösp er opið öllum, sem hafa áhuga á íþróttum, sem æfðar eru hjá félaginu : SUND, BORDENNIS, HOKKY, KEILA, FRJÁLSARÍÞRÓTTIR, BOCCIA, FÓTBOLTI, HANDBOLTI, LYFTINGAR OG FIMLEIKAR Í SAMSTARFI VIÐ GERPLU.

Allir eru velkomnir á æfingar, til að kynnst því, sem þar fer fram og hvetjum við alla til að mæta og sjá hvort ekki sé eitthvað við þeirra hæfi eða þeirra skjólstæðinga sem þeir gætu haft gaman af að vera með í.

Í áranarás eru félagar úr íþróttafélaginu Ösp búnir að taka þátt í mörgum mótum bæði innanlands og erlendis og félagar unnið til margra verðlauna og meistaratitla ef nokkur nöfn eru nefnd sem hafa skarað fram úr er fyrsta að nefna Ínu Valsdóttur, Sigrúnu Huld Hrafnadóttur, Báru B. Erlingsdóttur, Guðrúnu Ólafsdóttur og nú síðustu árin Gunnar Örn Ólafsson. Öll hafa þau skarað fram úr í sundi. Í mörgum öðrum íþróttagreinum hafa verið Íslandsmeistarar svo sem í Boccia, Bordennis, Frjálsum- Íþróttum og fótballaliðið orðið Spes Ól meistarar. Í fimleikum hefur verið keppt í á Special Ól mótum erlendis en fimleikar eru æfðir hjá fimleikafélaginu Gerplu. Núna á þessum tímamótum þegar félagið er orðið 25 ára eru félagsmenn sem æfa hinar ýmsu íþróttagreinar orninir 140 og er það mikil fjölgun. En þeir sem taka þátt í æfingum og keppa bara á innanfélagsmótum eru félaginu mjög mikilvægir félagar.



Frá stofnfundi á Þingvöllum 18. maí 1980
Sigurður Magnússon þáverandi formaður ÍF lýsir Stofnun Aspar.

Getraunanúmer Aspar er 132 ef þið tippið í getraunum, þá ættuð þið að nota þetta félagsnúmer á getraunaseðla. aðrir sem lesa þetta fréttabréf og eru ekki að styrkja eitthvað félag ættu að nota 132 félagsnúmer á getraunaseðla.
132-132-132-132-132

Munið eftir heimasíðu Aspar sem er here.is/osp

Minningarkort íþróttafélagsins Aspar
Fást hjá Styrktarfélagi vangefinna, og hver og einn ræður þeirri upphæð, sem hann vill minnst einhvers með.

Minningargjöf um Ragnheiði Erlu Sveinbjörnsdóttur barst félaginu frá Lilju Pétursdóttur og bræðrum hennar um móður þeirra færur við þeim bestu þakkir fyrir.

Mót sem eru framundan.

Vormót Aspar í öllum greinum 10. –21. Maí og þá höldum við uppá 25 ára afmæli 22. maí í Ársölum í Glæsibæ kl. 16.00

Evrópumeistaramót í Boccia í Portugal 11-19 Júní

Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni verður á Seyðisfirði 30. september – 1. október 2005

Barna og unlingamót í Noregi

Gíróseðlar

Það eru gíróseðlar vegna æfingagjalda með þessu fréttabréfi. Ef það eru uppi á töflu eða niðri í skúffu eldri gíróseðlar vegna æfingagjalda eða félagsgjalda þá vinsamlega borgið.

Þegar gíróseðlar eru borgaðir í heimabanka, látið þá númer seðilsins koma fram eða kennitölu barns í skýringar svo við vitum fyrir hvern er verið að borga.

Þeir sem eru með greiðsluþjónustu og þjónustufulltrúa í bönkum ættu að láta þá annast þessar greiðslur og láta senda gíróseðlana beint í bankann. til þess þurfum við að vita í hvaða banka á að senda þetta.



Fótboltalið Aspar á Spes Ól í Hafnarfirði.



Íslandsleikar Special Ólympiks fór fram 23. apríl þetta eru A og B fótboltalið Aspar sem voru í 1 sæti í A og B riðli fótboltaliðin stóðus sig mjög vel á þessu móti.

Upplifun mín af Íþróttafélaginu Ösp

Íþróttafélagið Ösp verður 25 ára þann 18. maí n.k. Þegar ég lít til baka þá er ótrúlega bjart yfir minningunni, ég kynntist frábæru fólki sem voru undantekningarlítið foreldrar þeirra duglegu krakka sem gengu í félagið. Það er mitt mat að Öspin hafi stuðlað að því að þeir einstaklingar sem gengu í félagið hafi öðlast mun sterkari sjálfsmynd en ella hefði verið, þarna fengu þau æfingu í að koma fram og voru sér og okkur til mikils sóma. Sælusvipurinn þegar verið var að taka á móti verðlaunapeningunum var ósvikinn. Ferðalögin á mót voru eftirminnileg og samheldnin einstök. Sem móðir þá get ég sagt að þessi ár voru okkur fjölskyldunni dýrmæt. Gangi ykkur allt í haginn

Kristín Erlingsdóttir móðir Sigrúnar Huldar



Íþróttir fyrir ALLA ☺

Bróðir minn byrjaði að æfa með Öspinni fyrir u.þ.b. 15 árum síðan. Upphaflega var hann eingöngu í boccia sem var meira en við héldum að hann réði við þar sem hann var fatlaður og var í raun ekki mikil trú á að hann gæti stundað íþróttir. Síðan smá bættust við íþrótt greinarnar og í dag er hann að æfa boccia, frjársar, fótbolta, handbolta og síðast en ekki síst kraftlyftingar.. sem engum hefði grunað að hann hefði getað æft. Íþróttirnar hafa hjálpað honum að þroskast og styrkt hann heilmikið öll þessi ár og ég vil meina að þær eiga stóran þátt í því að hann hafi vinnu og hafi gert hann af því sem hann er í dag.

Þetta hefur víkkað sjóndeildahringinn hjá allri fjölskyldunin. Hann hefur fengið tækifæri til þess að ferðast bæði innanlands sem utan í keppnisferðalögum. Öll fjölskyldan er búin að koma á einhvern hátt nálægt starfinu hjá Íþróttafélaginu, foreldrar, systkyni.. og núna er m.a.s. þriðja kynslóðin (sonur minn) mættur í slaginn!

Hvet ég því alla til að taka þátt í starfi Asparinnar Þórhildur Ragna Karlsdóttir (systir Kristjáns Magnúsar)